

## 12. gr.

Sjóðstjórn skal gæta almennra lagaákvæða um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988.

**Skipulagsskrá.**

## 13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskránni. Á staðfestingardegi skal Vörubróunar- og markaðsöflunarsjóður síldarútsveigsins taka til starfa.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki sjávarútvegsráðherra og tekur breytingin gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

## 14. gr.

Sjóður þessi verður lagður niður sé stjórn hans einhuga um það og að fenginni umsögn sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðuneytið tekur þá við öllum eigum sjóðsins til ráðstöfunar og varðveislu. Eignunum verður aðeins ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins sbr. 3. og 4. gr.

Þorsteinn Pálsson,  
sjávarútvegsráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. ágúst 1998.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Jón Thors.

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp  
Búðahrepps nr. 468/1990.**

## 1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Auk þess sinni ráðið málum sem áður heyrðu undir atvinnumálanefnd og getur skipað starfshópa í sérstök verkefni sem lúta að atvinnumálum. Ráðið skal því fylgjast með atvinnulífi byggðarlagsins og gera úttekt á stöðu þess ár hvert. Það leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku.
2. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni er falið skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Umhverfis- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hún fer með bygginga- og skipulagsmál skv. skipulags- og byggingarlögum. Einnig fer nefndin með

málefni umhverfis og umferðarmál í samræmi við lög þar um, s.s. lög um landgræðslu, náttúruvernd og umferðarlög. Nefndin skal fylgjast með og gera tillögur um umferðarmál, landgræðslu, skógrækt og önnur umhverfismál, s.s. opin svæði, sorpmál og meindýraeyðingu. Málefni heilbrigðisnefndar Austurlands skulu kynnt á fundum nefndarinnar.

2. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
3. *Ferða- og menningarmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin sér um vinarbæjartengsl, ýmsa menningarviðburði og hátíðir. Ennfremur fer nefndin með málefni bókasafnsins skv. lögum um almenningubókasöfn. Hún starfar með bókaverði og annast m.a. bókakaup í samvinnu við hann. Nefndin skal vera í góðu sambandi við þá aðila sem sinna ferða- og menningarmálum á svæðinu.
4. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af er einn aðalmaður og einn varamaður frá Fáskrúðsfjarðarhreppi. Nefndin sinnir málefnum grunnskóla, tónskóla og leikskóla skv. lögum um grunnskóla, lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og lögum um leikskóla. Um verkefni nefndarinnar varðandi grunnskóla fer skv. erindisbréfi, en um verkefni hennar varðandi leikskóla og tónlistarskóla fer skv. lögum þar um.
5. *Æskulýðs- og íþróttanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar um æskulýðs- og íþróttamál. Nefndin er hreppsnefnd jafnframt til ráðgjafar um málefni sundlaugar, íþróttahúss, íþróttavallar og skíðalyfta. Hún skal í starfi sínu hafa náð samstarf við félög sem starfa að æskulýðs- og íþróttamálum á staðnum. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af nemendafélagi grunnskóla Fáskrúðsfjarðar.
6. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.  
Hreppsnefnd getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega félagsmálanefnd með nágranna-sveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um. Heimilt er að undanskilja verkefni húsnæðisnefndar verkefnum sameiginlegrar félagsmálanefndar.
7. *Stjórn heilsugæslustöðvar Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs*. Einn aðalmaður og annar til vara í samráði við aðildarhreppa skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Verkefni stjórnarinnar er að fylgjast með rekstri heilsugæslustöðvarinnar og að laga-ákvæðum um heilsugæslustöðvar sé framfylgt, þ.e. III. kafla fyrrgreindra laga, og vera sveitarstjórn til ráðuneytis í málefnum heilsugæslustöðvarinnar.
8. *Stjórn Uppsala*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin sér um rekstur heimilis fyrir aldrað fólk í samvinnu við Fáskrúðsfjarðarhrepp. Ásamt kjörnum fulltrúum Búðahrepps situr í stjórn Uppsala fulltrúi Fáskrúðsfjarðarhrepps og læknir er sjálfskipaður. Þá situr sveitarstjóri fundi með tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi byggingu hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði.
9. *Skoðunarmenn hreppsreikninga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
10. *Búfjárefnirlitsmaður*. Einn eða fleiri skv. lögum um búfjárhald.
11. *Úttektarmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

Auk þess skipar hreppsnefnd í eftirtalið:

*Almannavarnanefnd.* Samkvæmt lögum og reglugerðum um skipan almannavarna kýs sveitarstjórn tvo fulltrúa í nefndina. Einn fulltrúi er skipaður af Fáskrúðsfjarðarhreppi auk varamanns, hinn er skipaður af Búðahreppi auk varamanns. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar.

*Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.

*Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.* Samkvæmt samþykktum fyrir Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi kýs sveitarstjórn ár hvert aðal- og varafulltrúa á aðalfund sambandsins.

*Stjórn Sorpsamlags mið-Austurlands.* Samkvæmt samþykktum fyrir Sorpsamlag mið-Austurlands kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í stjórn samlagsins.

*Fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austfirðinga.* Samkvæmt stofnsamningi Hérðasskjalasafns Austfirðinga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

2. gr.

63. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum eða samkvæmt ákvæðum um verksvið, sem út skulu gefin í skipunarbréfi til þeirra. Umboð til starfa fellur niður í lok hvers kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni er lokið.

Hreppsnefnd getur afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

Við ákvörðun um skipun starfsnefnda skal skýrt afmarkað nafn þeirra, verksvið og fjöldi nefndarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Búðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 18. ágúst 1998.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.**

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvinnuvéla, vinnuvéla, búvéla, lyftna, eimkatla og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá